
Fréttabréf

Félags íslenskra atvinnuflugmanna
febrúar 2020



AÐALFUNDUR
20.02.2020 - 20:00
Hver er í framboði?

TÍMAMÓT / CHANGING TIMES

Örnólfur
Jónsson



Ágætu félagsmenn

Á aðalfundi FÍA þann 20. febrúar næstkomandi mun ég láta af störfum sem formaður félagsins eftir fjögur ár í stóli formanns. Þetta hefur verið tími mikilla öfga í flugheiminum. Eftir mikinn uppgang er nú niðursveifla og óvissa í kjölfar kyrrsetningar Max vélanna og fjölda gjaldþrota í greininni.

Þetta sýnir okkur að flugrekstur og þar með starfsumhverfi okkar flugmanna er háð miklum sveiflum sem sýnir sig aftur og aftur með reglulegu millibili. Það er því mikilvægara en nokkru sinni að hafa traust stéttarfélag á bak við sig og að flugmenn sýni samstöðu. Það er einmitt samstaða sem hefur fyrst og fremst gert FÍA að því sterka stéttar- og fagfélagi sem það er. Verkefnið fram undan er að tryggja sterka stöðu FÍA á umbrotatímum.

Á aðalfundinum mun ég fara yfir starfsemi síðasta árs og stöðu félagsins og framtíðarverkefni í skýrslu stjórnar sem mun í kjölfarið verða birt á helstu miðlum FÍA.

Ég vil nota þetta tækifæri til að hvetja félagsmenn til að fjölmenna á aðalfundinn og jafnframt að nýta kosningarétt sinn í kosningum til stjórnar. Það er sérlega ánægjulegt að sjá hversu gott mannvæl er í framboði til stjórnar. Það er því ljóst að ný og öflug forysta mun taka við stjórnartaumunum í kjölfar aðalfundar.

Það hefur verið heiður að fá að leiða þetta öfluga stéttarfélag í fjögur ár. Við mínu starfi mun taka öflugur einstaklingur, Jón Þór Þorvaldsson flugstjóri, sem ég hef á undanförunum árum átt mikið og gott samstarf við. Ég óska honum og þeim sem með honum veljast til stjórnarstarfa velfarnaðar í mikilvægum störfum þeirra okkur flugmönnum til heilla.

Örnólfur Jónsson, formaður FÍA

Dear members,

On the Annual General Meeting, February 20th, I will be leaving office as FÍA's President after four years of service. This has been a time of great extremes in the world of aviation. After a great upswing, we are now experiencing a downturn and uncertainty, following the grounding of the Boeing MAX and a number of bankruptcies within the industry.

This goes to show that flight operation, which includes our work environment as pilots, is subject to extreme fluctuations on regular intervals. It is therefore more important than ever to have a strong union at your back, and that pilots stand together. This strong unity is first and foremost what makes FÍA the strong professional union it is. The work ahead is to ensure FÍA's strong position in times of upheaval.

At the AGM I will give a report from the board, detailing the work that we have done over the past year, the current situation of the union and future projects. The report will subsequently be made available in FÍA's mediums.

I want to use this opportunity to encourage members to attend the AGM, and also to utilize their right to vote for the board. It is very enjoyable to see the amount of good talent we have for the board elections. It is clear that the new board taking the reins following the meeting will be strong.

It has been an honour to lead this powerful union for four years. In my place comes a powerful individual, Captain Jón Þór Þorvaldsson, who I have had the great pleasure to work with over the past few years. I wish him, and those who will be chosen to sit on the board, great success in the important work ahead, for the benefit of all pilots.

Örnólfur Jónsson, FÍA President

STJÓRN FÍA 2019-2020



Fyrsta röð frá vinstri/First row from left:
Högni B. Ómarsson, ritari, Guðmundur Már Þorvarðason, varaformaður, Örnólfur Jónsson, formaður, Sigrún Bender, gjaldkeri.

Efri röð frá vinstri/second row from left:
Hafsteinn Orri Ingvason, Heimir Arnar Birgisson, Magni Snær Steinþórsson, Hólmar Logi Sigmundsson, Jónas Einar Thoralacius.

Lífið á efstu hæðinni

Hádegisfyrirlestur á vegum starfsmenntasjóðs um lífeyrismál, sem haldinn var þann 4. febrúar síðastliðinn, var afar vel sóttur eins og sjá má af meðfylgjandi myndum. Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins hélt þar erindi um fjármál einstaklinga og eftirlaunasparnað.

Life on the top floor

The educational fund organized a lunch meeting on pension matters on February 4th. The event was very well attended, as Gunnar Baldvinsson discussed matters to do with personal financing and pension savings.





AÐALFUNDUR FRAMUNDAN ANNUAL GENERAL MEETING AHEAD

Ágætu félagar.

Senn líður að aðalfundi FÍA sem haldinn verður fimmtudaginn 20. febrúar 2020, kl. 20:00. Að þessu sinni verða kosnir 5 stjórnarmeðlimir, þ.e. formaður sem að þessu sinni er sjálfkjörinn þar sem eingöngu eitt framboð barst, og svo 4 meðstjórnendur.

Ánægjulegt er að sjá fjölda frambjóðenda til stjórnasetu í FÍA eða 8 talsins um 4 stöður. Töluverð uppstokkun verður í stjórninni þar sem fjórir af núverandi stjórnarmeðlimum gefa ekki kost á sér aftur að þessu sinni.

Mig langar að nýta tækifærið og bjóða nýtt fólk velkomið til starfa í þágu FÍA og félagsmanna FÍA en jafnframt langar mig að þakka fráfarandi stjórnarmönnum fyrir samstarfið undanfarið og vonast að sjálsögðu til að sjá þau öll koma aftur að störfum fyrir FÍA á einhverjum þeim vettvangi sem þörf krefur eða áhuginn liggur.

Hlakka til að sjá ykkur sem allra flest 20. febrúar.

Virðingarfyllst
Guðmundur Már Þorvarðarson
Varaformaður FÍA

Dear colleagues,

FÍA's Annual General Meeting is arriving soon, on Thursday 20. February 2020 at 20:00. This year we will vote 5 board members, although only one person has announced candidacy for the Presidency, and 4 members of the board.

We are happy to see the number of candidates for board membership, or 8 for 4 seats. This means that there will be a big change to the board, as 4 board members are not going for reelection at this time.

I would like to use this opportunity to welcome the new people who are offering to work on behalf of FÍA and its members, while at the same time thanking those leaving the board for the collaboration of late, and hope to see them all come back to work for FÍA in whatever capacity is needed or they are interested in.

I look forward to seeing you all on the 20th of February.

Respectfully
Guðmundur Már Þorvarðarson
Vice-President of FÍA



TAKTU FRÁ DAGINN!

Við minnum enn og aftur á að taka 13. mars frá fyrir Reykjavík Flight Safety Symposium sem haldið verður á Hilton Reykjavík Nordica. Miðasala er á tix.is en dagurinn kostar aðeins 3.400 kr. en inni í því verði er hádegislaðborð og hressingar yfir daginn.

SAVE THE DATE!

We remind you yet again to reserve March 13th for the Reykjavík Flight Safety Symposium, held as usual at the Hilton Reykjavík Nordica. Also remember to get your ticket on tix.is, it's only ISK 3.400 with a buffet lunch and refreshments included!

NÝJUNGAR Í APPINU

Í FÍA Appinu er nú að finna alls kyns fróðleiksmola sem tengjast alþjóðasamstarfi félagsins, áhugaverðar greinar og samantektir sem tengjast starfinu okkar. Efnið er að finna undir flokknum „skjöl“.

FÍA APP NOVELTIES

The FÍA App now has a variety of news from our international collaboration, interesting articles and stories that relate to our work. You will find the files under “documents”, just click on the text next to the IFALPA logo.



AÐALFUNDUR FÍA 20.02.2020, 20:00

Kosning til stjórnar FÍA 2020 kynningar frambjóðenda

Í framboði til formanns:

Jón Þór Þorvaldsson, ICE

Í framboði til stjórnar FÍA:

Bjarni Frostason, ICE

Elí Úlfarsson, ICE

Hákon Sigþórsson, ERN

Högni B. Ómarsson, ICE

Ragnar Friðrik Ragnars , AIC

Ragnar Már Ragnarsson, ICE

Sara Hlín Sigurðardóttir, ICE

Steindór Ingi Hall, ICE

Kosið verður um fjögur sæti meðstjórnenda en samkvæmt 16. grein laga FÍA mega að hámarki þrjú þessara sæta vera frá Ícelandair.

Rafræn kosning hefst kl. 21:00, fimmtudaginn 13. febrúar.

Uppröðun greina hér á eftir fer fyrst eftir stafrófsröð en síðan eftir því hvernig greinar raðast saman eftir lengd.

Kynning á frambjóðendum



Framboð til embættis formanns JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON

Kæru félagar

Fyrir þau ykkar sem ekki þekkja mig heiti ég Jón Þór Þorvaldsson og starfa sem flugstjóri hjá Icelandair. Ég hef starfað fyrir Icelandair frá 1999 en hef einnig starfað sem flugkennari, flugmaður hjá fyrrum Íslandsflugi, Air Atlanta og Martinair Holland.

Ég hef verið nokkuð viðriðin störf stéttarfélagsins í gegnum tíðina og þar má nefna setu mína í trúnaðarráði, stjórn stéttarfélagsins frá 2009-2016, þar af sem varaformaður 2011-2016. Ég hef einnig tekið virkan þátt í samninganefndum fyrir FÍA. Það hefur verið ánægjulegt að starfa fyrir stéttarfélagið sem er eitt af, ef ekki það sterkasta á landinu.

Styrkur stéttarfélags er ekki gefinn eða sjálfsagður. Styrkurinn markast af samstöðu og virkni félagsmanna. Við höfum borið þá gæfu til í okkar hópi að að standa þétt saman og verið órofa heild þegar á reynir eins og e.t.v. margir muna frá árinu 2014. Ég treysti því að svo verði áfram, því ef við stöndum öll vörð um kjörin okkar og förum fram sem einn maður þá er framtíðin björt.

Ég tók þá ákvörðun að bjóða mig fram til embættis formanns FÍA undir lok árs 2019. Nú er ljóst að ég mun taka við embætti formanns eftir aðalfund þann 20. febrúar nk. Ég er afar þakklátur og auðmjúkur fyrir það traust sem mér er sýnt og mun gera mitt besta í öllum mínum störfum fyrir ykkar kæru félagar.

Það er afar ánægjulegt að sjá hversu margir hafa boðið fram krafta sína í meðstjórn í komandi kosningum. Það er ríkt stéttarfélag sem hefur úr vinnufúsum höndum að velja í forystu sína.

Starfsemi FÍA er margvísleg og felst í fleiru en gerð kjarasamninga og eftirfylgni samstarfsnefnda. Því er miklægt að halda fólki með reynslu í stjórn en um leið þurfum við á nýliðun að halda. Ungu fólkið í félaginu þarf að tengjast betur og hafa tækifæri til að læra af þeim sem hafa staðið vaktina fyrir okkur undanfarin ár og þekkja af reynslu til starfa og skipulags FÍA.

Ég ætla að beita mér fyrir nokkrum breytingum í komandi stjórnartíð. Ég tel að FÍA sé komið að tímamótum þar sem við þurfum að fara í virka stefnumótun í stóru og smáu innan félagsins til að styrkja okkur enn frekar og búa okkur undir framtíðina. Ég mun leggja áherslu á aukið sjálfstæði og ábyrgð nefnda og að nýta tækni og fjármuni FÍA til að þjónusta félagsmenn enn betur. Þar með er ég ekki að halla orði að þeim sem hafa haldið um stjórnartaumana hingað til né heldur að starfsfólki FÍA sem allt er einvala lið. Heldur er ég að leggja áherslu á að við munum halda áfram að þróast hér eftir sem hingað til.

Ég vil koma á framfæri sérstöku þakklæti til þeirra sem nú hverfa frá stjórnarsetu fyrir þeirra óeigingjarna og fórnfúsa starf í þágu FÍA og ég hlakka til að takast á við áskoranirnar framundan með þeim sem eftir sitja og þeim sem kjörnir verða, á ný og í fyrsta skipti.

Ég hvet alla sem eiga heimangengt að mæta á aðalfund 20. febrúar næstkomandi.

Með bestu kveðju,
Jón Þór Þorvaldsson

Framboð til stjórnar

BJARNI FROSTASON

Sæl.

Bjarni Frostason hér og eins og komið hefur fram ætla ég að bjóða mig fram til setu í stjórn FÍA.

Ég hóf störf hjá Icelandair 1985 í hlaðdeild innanlands og fór svo að fljúga 1991. Á þessum tíma hefur maður upplifað margbreytilega tíma hjá félaginu þar sem stéttarfélagið okkur hefur alltaf staðið sem klettur í hafinu.

Það hefur alltaf verið á dagskrá að taka þátt í starfi stéttarfélagsins eins og við þurfum öll að gera á einhverjum tímapunkti. Fram að þessu hef ég aðeins verið í Trúnaðarráði auk þess að koma nokkuð að starfi SAS hópsins.

Mig langar að vinna að því að stéttarfélagið okkar haldi áfram að vera sá klettur og ég vonast eftir stuðningi ykkar við að komast í stjórn.



Framboð til stjórnar

ELÍ ÚLFARSSON

Kæru félagar,

Ég hef starfað hjá Icelandair síðan 2013 og sem flugmaður frá árinu 2016. Ég hef lengi haft áhuga á félagsmálum og meðal annars tekið þátt í starfi á pólitískum vettvangi, og setið í trúnaðarmannaráði Eflingar, þar sem ég var fulltrúi starfsfólks á mínum gamla vinnustað. Einnig hef ég unnið í því að vekja athygli opinberlega á brýnum þjóðfélagsmálum og ber þá helst að nefna samgöngubótina Skerjafjarðarbraut en heimildarmynd sem ég framleiddi um brú yfir Skerjafjörð fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum, meðal annars á forsíðu Morgunblaðsins ásamt því að vera tekið fyrir í umræðuþáttum í útvarpi.

Starfsöryggi

Ég tel mikilvægt að auka nýliðun og breidd í forystu FÍA og því hef ég ákveðið að gefa kost á mér til stjórnar. Taka verður fastar á málum þeirra sem eru neðarlega á starfsaldurslista og tryggja bæði meiri fyrirsjáanleika sem og starfsöryggi – og búa þannig um hnúta að við getum haft alla í vinnu yfir veturinn og hjálpað fyrirtækinu við að draga úr árstíðasveiflum.

Svefn og flugöryggi

Mikil vitundarvakning hefur orðið síðustu misseri varðandi svefn. Ég tel að við verðum í nafni heilsu og flugöryggis að leggja töluvert meiri áherslu á þessi mál við öll félög innan FÍA. Ítrekað hefur verið sýnt fram á skaðsemi vaktavinnu, og sem dæmi hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) skilgreint vaktavinnu sem krabbameinsvaldandi. Ein helsta kjarabót okkar flugmanna er að tryggja heilsu okkar og langlífi og sjá til þess að flestir okkar geti klárað ferilinn.

Traust

Að lokum langar mig að minna á að kjarasamningar við flugmenn Icelandair renna út 1. október 2020. Við flugmenn sýndum fram á það í síðustu samningum að við tökum slaginn með fyrirtækinu okkar. Því er ekki ásættanlegt að félagið skerði frídagabeidnir okkar og dragi þar með úr lífsgæðum okkar án nokkurs samráðs við hópinn. Samstarf og samvinna flugmanna við félagið mun ekki ganga vel nema traust ríki milli beggja aðila og hljóti ég ykkar stuðning og traust mun ég gera mitt allra besta til þess að svo verði.



Framboð til stjórnar HÁKON SIGBÓRSSON



Kæru félagar

Ég heiti Hákon Sigbórsson og starfa sem flugmaður hjá Flugfélaginu Erni. Hef ég ákveðið að bjóða mig fram í stjórn FÍA þar sem mér finnst áriðandi að minni félög hafi mann í stjórn, þannig höfum sem mesta fjölbreytni í hópi stjórnarmanna.

Flugið er eins og við vitum að fara í gegnum erfiða tíma, bæði vegna fækkunar farþega í innanlandsflugi og öðrum utanaðkomandi þáttum sem hafa áhrif á innanlands og utanlandsflug heilt yfir.

Þetta hefur leitt af sér uppsagnir og fækkun flugmanna, sem vonandi varir til styttri tíma en er engu að síðu mikið áhyggjuefni fyrir okkur flugmenn.

Ég trúir því að það hafi aldrei verið jafn brýnt og nú að standa saman og verja hagsmuni heildarinnar. Ef ég næ kjöri mun ég vinna að málum af kóstgæfni og heilindum. Ég óska eftir þínum stuðningi.

Kær kveðja
Hákon Sigbórsson.

Framboð til stjórnar RAGNAR MÁR RAGNARSSON



Kæru félagar

Ragnar Már Ragnarsson heiti ég og starfa sem flugmaður hjá Icelandair. Ég býð mig fram til stjórnar FÍA. Ég hef verið meðlimur í FÍA síðan 2004, fyrst sem flugmaður hjá Bluebird og svo hjá Icelandair frá 2016. Ég hef setið í varastjórn FÍA og einnig verið í samninga- og samstarfsnefnd FÍA hjá Bluebird.

Ég býð mig fram til starfa því ég tel mikilvægt að stjórn FÍA sé skipuð flugstjórum sem og flugmönnum svo að hægt sé að hafa sem besta innsýn inn í þessi störf.

Verkefni stjórnar FÍA er ærin næstu misserin. Sá ólgusjór sem Icelandair siglir nú og komandi kjarasamningar, breyting á eignarhaldi Bluebird og hvernig það mun koma út fyrir FÍA meðlimi sem þar starfa, baráttu Atlanta um fjölgun FÍA meðlima og svo þau flugfélög sem stendur til að stofna ásamt mörgu öðru.

Eitt helsta hlutverk FÍA sem stéttarfélag er að verja hagsmuni félagsmanna og sækja fram betri kjör á hverjum tíma og ein af okkar helstu ógn

núna sem og áður eru vertakasamningar. Ég þekki vel til vertakasamninga og hvað slíkt hefur í för með sér. FÍA hefur unnið hörðum höndum að því að verja réttindi og kjör flugmanna hér á landi og þarf sú vinna að halda áfram en með enn meiri krafti.

FÍA sem stéttarfélag hefur sýnt hversu öflugt það er þegar kemur að endurmenntun og ýmis konar fræðslu og vil ég halda því starfi áfram og þróa það enn betur. Að mínu mati hefur aðsókn á ýmsar kynningar og fræðslufundi á vegum FÍA ekki verið nægileg sótt miðað við hlutfall félagsmanna. Ég tel FÍA þurfa að vinna að því að gera þessa fræðslufundi og kynningar aðgengilegar fyrir alla okkar félagsmenn, hvar sem þeir eru staddir í heiminum.

Ég óska eftir þínum stuðningi í komandi kosningum til stjórnar FÍA.

Kær kveðja
Ragnar Már Ragnarsson.

Framboð til stjórnar

HÖGNI B. ÓMARSSON

Kæru félagsmenn í FÍA.

Nú er aðalfundur á næsta leyti og um leið verða tímamót í sögu stéttarfélagsins þegar ný stjórn tekur við. Eitt af fyrstu verkum nýrrar stjórnar er að skipa í þær fjölmörgu nefndir, stöður og ráð sem starfa innan FÍA. Nú er því rétti tíminn fyrir þá sem vilja láta til sín taka að gera vart við sig.

Ég vil þakka öllum sem lagt hafa starfsemi FÍA til sína þekkingu, þrek og ekki síst frítíma sinn. Ykkar ríflega framlag er mikils metið og sú samheldni sem þið hafið öll átt þátt í að skapa gerir FÍA að þeim öflugum félagskáp sem við viljum tilheyra með stolti. Án þess að á nokkurn sé hallað vil ég þakka fráfarandi formanni Örnólfi Jónssyni sérstaklega fyrir samstarfið. Undir hans leiðsögn hefur FÍA sýnt flugrekendum fádæma samstarfs-vilja á krefjandi tímum, en líka veitt þeim nauðsynlegt aðhald þegar á þurfti að halda.

Nú er ljóst að Jón Þór Þorvaldsson verður á aðalfundi sjálfkjörinn formaður FÍA. Ég fagna því og ber fullt traust til Jóns eftir að hafa unnið náðið með honum um árabíl í stjórn FÍA og samstarfs-nefnd. Auk þess höfum við ásamt öðrum oft en einu sinni unnið að gerð kjarasamninga, en við slíkar aðstæður fer einarður málflutningur Jóns og óbilandi baráttuvilji hans ekki framhjá neinum.

Lögum FÍA var breytt til að allir félagsmenn gætu tekið þátt í rafrænum kosningum til stjórnar. Sú nútímavæðing var sannarlega til bóta en svo virðist sem um leið hafi dregið úr mætingu á aðalfund. Ég hvet alla félagsmenn sem eiga heiman-gengt til að gleðjast með okkur á Grand Hótel þann 20. febrúar í tilefni aðalfundar FÍA og óska öllum frambjóðendum þar góðs gengis.

Auður Jónsdóttir rithöfundur og blaðamaður er jafnaldri minn. Nýlega heyrði ég hana vekja athygli á því sem hún nefndi upplýsingamengun og er að hennar sögn jafn alvarleg og önnur mengun í okkar umhverfi. Mögulega er Auður að vara okkur við hvers kyns áróðri, rangfærslum, eða öðru sem gæti rignt úr mettuðu lofti þeirra tölvuskýja sem voma yfir okkur. Slagurinn mikli um áhrif og ímynd.

Ég tel það forréttindi en ekki sjálfsgöðan hlut að starfa í stjórn, nefndum og ráðum á vegum FÍA. Þar hef ég lagt mig fram og stutt samstarfsfólk mitt með ráðum og dáð. Ég hef einsett mér að sinna verkefnum mínum af heilindum hér eftir sem hingað til. Með það fyrir augum býð ég mig fram til stjórnar FÍA og verð áfram til þjónustu reiðubúinn.

Sjáumst á aðalfundi,
Högni B. Ómarsson.



Framboð til stjórnar

RAGNAR FRÍÐRIK RAGNARS



Kæru félagar.

Ragnar Friðrik heiti ég og hef ákveðið að bjóða mig fram til stjórnarsetu í FÍA. Ég hef verið meðlimur í okkar ágæta stéttarfélagi síðan árið 2001 þegar ég hóf minn feril sem flugkennari norður á Akureyri, þar sem ég er fæddur og uppalinn.

Ég starfaði í flugkennslu hjá Flugskóla Akureyrar lengi framan af en frá árinu 2004 hefur mitt aðalstarf verið sem flugmaður hjá Flugfélagi Íslands, nú Air Iceland Connect (AIC). Fyrstu árin flaug ég á Fairchild Metro og svo einnig Twin Otter í sjúkra-, leigu- og áætlunarflugi út frá Akureyri. Frá 2008 hef ég flogið Dash 8 Q200/Q400 frá Reykjavík.

Ég hef sinnt félagsstörfum fyrir FÍA í meira en áratug. Ég sat í samstarfsnefnd gagnvart AIC árin 2007-2011, sat um svipað leyti í samninganefnd og einnig hef ég setið sem fulltrúi AIC í trúnaðarráði FÍA. Undanfarin ár hef ég verið meðlimur í Öryggisnefnd FÍA og sit nú auk þess í samninganefnd flugmanna AIC þar sem við erum með lausan kjarasamning.

Ég er þeirrar skoðunar að í stjórn FÍA eigi að vera þverskurður af þeim flugmannahópum sem eru í félaginu og í því ljósi býð ég nú fram krafta mína. Ég kem inn með rödd þeirra sem starfa hjá minni flugrekendum innanlands, en mun að sjálfsögðu vinna af einurð fyrir alla félagsmenn FÍA.

Ég tel mjög mikilvægt, nú sem endranær, að stéttarfélagið okkar sé sterkt og sameinað. Það eru fjölmargar áskoranir í okkar umhverfi sem ógna þeim kjörum sem áunnist hafa í gegnum tíðina. Ber þar að sjálfsögðu hæst ýmis félagsleg undirboð og gerviverktaka sem fær þrifist, að því er virðist, óáreitt. Afrakstur verkalýðsbaráttu margra áratuga að miklu leyti fyrir borð borin. Einungis með samstöðu allra verður slíkum ágjöfum hrundið.

Ég tel að ég hafi öðlast talsverða reynslu í félagsstörfum mínum fyrir FÍA og vona að hún geti nýst í áframhaldandi störfum mínum fái ég brautargengi til þess.

Ég óska eftir ykkar stuðningi kæru félagar.

Kveðja

Ragnar Friðrik Ragnars.

Framboð til stjórnar

SARA HLÍN SIGURÐARDÓTTIR

Kæru félagar.

Ég hef ákveðið að bjóða mig fram til stjórnar FÍA í komandi kosningum og óska eftir stuðningi ykkar.

Ég hef verið virk í margvíslegu félagsstarfi frá því ég komst fyrst á bragðið sem nemendaráðsfulltrúi í grunnskóla og hef síðan setið ýmsum nefndum í bæði skóla- og iþróttastarfi. Ég hóf störf fyrir FÍA eftir að hafa lokið meistaraþrófi í lögfræði vorið 2011 og hef síðan setið í Laganefnd og Alþjóðanefnd og gegnt formennsku í Alþjóðanefnd síðustu ár. Á vegum FÍA hef ég sótt fjölmarga fundi og námskeið erlendis og komið mér upp góðu tengslaneti sem gagnast stéttarfélaginu okkar vel.

Við erum flest stolt af því að tilheyra þessum öflugra félagskap sem FÍA er. Meðal okkar ríkir einstök samstaða og samkennd, sama hjá hvaða flugrekanda við störfum. Við höfum hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi sem snúa að því að bæta lífskjör flugmanna og standa vörð um starfið okkar. Það er með þetta markmið að leiðarljósi sem ég starfa fyrir FÍA og ég legg metnað minn í að sinna því vel.

Ég byrjaði sem flugmaður hjá Icelandair árið 2005. Ég lenti í ítrekuðum uppsögnum og þekki óvissuna sem fylgir þessu starfi bæði af eigin raun og af frásögnum annarra, héraðs og erlendis. Ég hef fylgst vel með kjarasamningsviðræðum hér heima og eins hjá erlendum kollegum okkar.

Kjarasamningarnir okkar eru dýrmæt plögg enda liggur þrotlaus vinna að baki þeim og jafnvel verkfallsaðgerðir.

Flugmannstarfið á vinda undir högg að sækja og við þurfum að standa vörð um það. Sem hópur erum við gríðarlega sterk. Við höfum sýnt fram á sveiganleika þegar við á en þurfum jafnframt að vera staðföst og með skýra sýn.

Við stéttarfélaginu okkar blasa margvísleg verkefni á komandi misserum. Ég vil sjá FÍA fara í gagngera stefnumótunarvinnu. Við þurfum að efla félagsmenn, hittast oft, fræðast meira og horfa til framtíðar. Það er aðeins tímaspursmál hvenær flugfélög sem stunda undirboð á markaði og viðhafa slæma mannauðsstefnu festa hér rætur. Við þurfum að vera vel undirbúin og stuðla að lagabreytingum sem styðja við starfið okkar.

Ég vil þakka ráfarandi formanni og öðrum stjórnarmeðlimum fyrir gott samstarf. Ég leyfi mér að vona einlægur áhugi og störf mín hingað til tali sínu máli nú þegar þið félagsmenn kjósið þá fulltrúa sem þið viljið sjá í komandi stjórn stéttarfélagins.

Sara Hlín Sigurðardóttir.





FRAMBOÐ TIL STJÓRNAR

STEINDÓR INGI HALL

Ágætu félagsmenn.

Nú er aðalfundur félagsins þann 20.02. nk. og hef ég hef ákveðið að bjóða mig fram í meðstjórn FÍA.

Ég byrjaði að fljúga í atvinnuflugi árið 2001 í Vestmannaeyjum hjá Flugfélagi Vestmannaeyja. Haustið 2003 byrjaði ég svo að fljúga hjá Air Atlanta og var þar til upphafs árs 2007 er ég byrjaði hjá Icelandair. Alls konar uppsagnir og leiðindi frá árinu 2008 gerðu það verkum að maður flaug hér og þar milli árána 2008 og 2013, en síðan þá hef ég verið flugmaður og flugstjóri hjá Icelandair (nú flugmaður frá 1. des sl.).

Kjarabaráttan hefur verið mér ofarlega í huga alveg frá því ég tók fyrsta skrefið inn í Partenaviuna í Eyjum forðum daga, og það er ljóst að sú barátta mun aldrei enda. Fljótlega eftir að ég hóf störf hjá Air Atlanta varð ég þeirrar gæfu aðnjótandi að kynnast hörku duglegum mönnum sem börðust fyrir að koma stéttarfélagsmálum þar á bæ á nýtt plan. Sameining FFF inn í FÍA á sínum tíma var að mínu mati mikið gæfuspor, loksins voru menn komnir inn í rötgróid og öflugt stéttarfélag með skýr markmið og með innviði til að takast á við þau mál sem virkilega þurfti að koma í gegn. Starfaði ég í samstarfsnefnd á þessum tíma allt þar til ég hóf störf hjá Icelandair.

Haustið 2018 byrjaði ég að starfa í Alþjóðanefnd FÍA og hef því kynnst því mikla starfi sem unnið er bæði hér heima og erlendis. Það er mjög fróðlegt að sjá hve mismunandi þarfir manna eru eftir því hvar menn eru að vinna og hversu mismunandi starfsumhverfið getur verið eftir atvikum. Það er t.d. mjög fróðlegt að fylgjast með viðbrögðum annarra flugfélaga við Wuhan-veirunni þessa dagana og bera þau saman við þau við úrræði sem við höfum séð hér heima. Það er mikilvægt að nýta þá reynslu sem kollegar okkar erlendis hafa og sækja sérþekkingu þegar á því þarf að halda, auk þess höfum við ýmislegt til málanna að leggja hjá þeim og svona samstarf er ómetanlegt þegar kemur að samanburði samninga og reglugerða.

Undanfarið höfum við verið að sjá þróun í flugmálunum hér heima og erlendis sem vert er að hafa miklar gætur á. Félagsleg undirboð þar sem fyrirtæki semja nánast við sjálf sig um kjör starfsmanna sinna er ekkert annað en aðför að öllum gildum FÍA og annarra stéttarféлага. Það er að mínu mati mjög mikilvægt að FÍA vinni „pro-aktívt“ og sé með skothelda aðgerðaráætlun hvernig tækla skuli þess háttar mál.

Samningamál eiga eftir að skipa stóran sess í starfi FÍA komandi mánuði og mikilvægt að vel takist til nú þegar ástandið í fluginu er tiltölulega óstöðugt.

Stjórn FÍA starfar í þágu allra félagsmanna FÍA og því er mikil breidd, vísýni og breiður skilningur fyrir allan hópinn grundvallaratriði. Stjórnin þarf að vinna náðið með sínum nefndum og halda góðri tengingu við þær, með því fæst það besta út úr starfi FÍA. Félagið verður að vera opið fyrir að rýna sjálft sig og aðlaga þannig að það nýtist sem best öllum félagsmönnum, t.d. vil ég nefna að mér finnst vert að skoða hvort að meðlimir í stjórn FÍA eigi að koma að þjálfunum hjá sínu félagi, það þarf að leggja línur í þeim efnum. Að þessu sögðu, vil ég enn og aftur minna á að FÍA er stéttarfélag sem tekið er eftir og fullt mark er tekið á. Að mínu áliti hefur félaginu auðnast að halda í sín grunngildi og haft í forgrunni hvað best sé fyrir félagsmenn á hverjum tíma.

Á aðalfundinum virðist það vera svo að aðeins eitt formannsefni sé í framboði og þ.a.l. sjálfkjörinn. Kosning annarra stjórnarmanna er engu að síður mjög mikilvæg. Tryggja þarf félaginu kröftuga og samhenta stjórn. Ég tel mig vera tilbúinn í það verkefni.

Fjölmönnum og sjáumst hress á Aðalfundinum.

Steindór Ingi Hall.



FÍA'S ANNUAL GENERAL MEETING 20.02.2020, 20:00

BOARD MEMBER ELECTIONS- INTRODUCTION OF CANDIDATES

Running for President

Jón Þór Þorvaldsson, ICE

Running for the Board of FÍA:

Bjarni Frostason, ICE

Elí Úlfarsson, ICE

Hákon Sigþórsson, ERN

Högni B. Ómarsson, ICE

Ragnar Friðrik Ragnars , AIC

Ragnar Már Ragnarsson, ICE

Sara Hlín Sigurðardóttir, ICE

Steindór Ingi Hall, ICE

Four seats on the board are now open, but according to article 16 in FÍA's bylaws, a maximum of three of those can belong to Icelandair pilots.

The electronic election will commence on Thursday, 13. February, at 21:00.

ENGLISH VERSION

INTRODUCTION OF CANDIDATES



Running for FÍA President JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON

Dear Colleagues,

For those of you who don't know me, my name is Jón Þór Þorvaldsson and I am a captain at Icelandair. I've worked for Icelandair since 1999, but I've also worked as a flight instructor and co-pilot for what was Íslandsflug, Air Atlanta and Martinair Holland.

